


skáld i skólum



Bókmenntadagskrár fyrir börn og unglunga
Haust 2010

Höfundamiðstöð RSÍ



Slegið upp balli!

Ballíð á Bessastöðum er bráðskemmtileg saga um forseta sem er ekki alltaf viss hvort starfið henti honum. Allt breytist þó þegar prinsessu ber að garði og þau forsetinn halda saman í ferðalag. Við sögu koma harðar kleinur, landnáms hæna, kýr, kransakaka og reiðinnar býsn af fálkaorðum. **Gerður Kristný** er höfundur *Ballsins á Bessastöðum* og *Prinsessunnar á Bessastöðum* og margra fleiri bóka. Snemma á næsta ári verður frumsýndur söngleikur í Þjóðleikhúsinu sem byggir á Bessastaðabókunum, svo hér er svolitill forsmekkur að því sem koma skal. Með Gerði í för verður **Þórunn Anna Kristjánsdóttir** leikkona sem fer með hlutverk prinsessunnar í söngleiknum. Þetta er því hin fjörugasta dagskrá þar sem sagðar eru sögur og sungið við raust.

Auk barnabóka hefur Gerður Kristný sent frá sér ljóðabækur, skáldsögur, smásögur og viðtalsbók. Hún hefur hlotið ýmis verðlaun og viðurkenningar fyrir verk sín. Þórunn Anna er nýútskrifuð leik- og söngkona. Hún fór með titilhlutverkið í *Litlu stúlkunni með eldspýturnar* í Íslensku óperunni og mun leika í þremur nýjum upp-færslum í Þjóðleikhúsinu á þessu leikári.

Dagskráin hentar best **1. – 4. bekk**

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.

Í sambúð með söguhetjum

Hjónin **Auður Jónsdóttir** og **Þórarinn Leifsson** eru bæði rithöfundar. Þau hafa búið til fjölda bóka á heimili sínu, ýmist saman eða hvort í sínu lagi. Allskonar bækur! Barnabækur, léttlestrarbækur fyrir Námsgagnastofnun, skáldsögur og meira að segja eina barnafræðibók. Þau búa í góðri sambúð með söguhetjum hvors annars sem spranga um öll herbergi hússins þegar þau skrifa. Auður hefur auk þess búið með söguhetju sinni í barnafræðibókinni *Skrýtnastur er maður sjálfur*, en hún fjallar um afa hennar, Halldór Laxness, sem byrjaði kornungur að skrifa.




Auður segir frá galdrinum að skrifa, hvernig allir geta byrjað að skrifa á hvaða aldri sem þeir eru. Skrifitir eru leikur þar sem má blanda öllu saman og láta Harry Potter slást við ísbirni með Nonna og Manna og fá sér hamburgara á eftir – því sá sem skrifar ræður yfir söguheiminum.

Þórarinn segir frá barnabókunum sínum, *Leyndarmál pabba* og *Bókasafn ömmu Huldar*, þar sem furðulegustu hlutir gerast: Börn eiga mannætupabba og gömul amma flýgur um geiminn í risastóru bókasafni. Hann sýnir líka myndir sínar úr bókunum og segir frá því hvernig myndir og orð fæða af sér sögu. Auk þess ræða þau um barnabókina *Algjört frelsi* sem þau gerðu saman.

Dagskráin hentar best **5. – 7. bekk**

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



Kviknar í höfðinu

Skáldkonur sem hafa leitast við að flétta saman forna og nýja tíma, **Vilborg Davíðsdóttir** og **Sigurbjörg Prastardóttir**, segja frá tilurð texta sinna og hvetja nemendur til skapandi hugsunar og skrifa. Hvernig er sagnaarfurinn nothæfur í spennandi sögu? Hvernig verður fjall að ljóði? Hvað má læra af eldfornum örnefnum? Hvað á Auður djúpúðga sameiginlegt með Tönjum og Ronjum okkar daga? Hvað gera skáld þegar poppstjörnur farast? Hvað er eiginlega afturbrennari? Er einvera holl og nauðsynleg – eða er mögulegt að yrkja dýrt í 101?

Vilborg hefur sent frá sér sögulegu skáldsögurnar *Korku saga*, *Eldfórinn*, *Galdur*, *Hrafninn* og *Auður*. Þær tvær síðastnefndu voru tilnefndar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

Sigurbjörg er höfundur fjögurra ljóðabóka, leikverka og skáldsögunnar *Sólar sögu*. Nýjasta bók hennar, *Blysfair*, hlaut tilnefningu til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2009.

Dagskráin hentar best **8. – 10. bekk**

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



Harði, stóri heimur! Hvað viltu mér?

Skáldið **Jóhannes úr Kötlum** (1899-1972) var eitt atkvæðamesta ljóðskáld okkar Íslendinga á öldinni sem leið og hafði oft sterk áhrif á samferðamenn sína. Í skemmtilegri dagskrá í tali og tónum flytja **Steinunn Jóhannesdóttir** rithöfundur og **Valgeir Guðjónsson** tónlistarmaður nokkur af kynngimögnum ljóðum skáldsins, en þau urðu þeim báðum innblástur sem Valgeir hefur lýst svo: „Að fylgja skáldinu úr sveitinni, í gegnum ungmennafélagsshreyfinguna og Íslendingasögurnar, ganga undir rauðum fánum í leit að betri heimi, skeggræða við skaparann, sjá rímið sökkva í hafið og fá að taka þátt í vangaveltum um hinstu rök tilverunnar. Jóhannes var hvorki hræddur við að halda fram einörðum skoðunum, né heldur að efast um þær er svo bar undir. Jafnvel að skipta um skoðun, nokkuð sem við þorum kannski of sjaldan.“





Steinunn og Valgeir fylgja þróun skáldsins frá fyrstu ljóðabókinni, *Bíbi og blaka*, til ljóðbrots úr seinustu bókinni, *Ný og nið*. Markmiðið er að bregða upp myndum af erindi Jóhannesar úr Kötlum við hinn *Harða stóra heim*. Stundum var erindið að mýkja hann, stundum að bjóða honum birginn. Jóhannes orti flestum skáldum fleiri ljóð fyrir börn og minnt verður á hans þekktustu og viðlesnunstu bók *Jólin koma*, en að öðru leyti er dagskráin miðuð við stálpuð börn og unglinga.

Steinunn Jóhannesdóttir stafaði um árabíl sem leikkona og leikstjóri, en hefur aðallega sinnt ritstörfum í seinni tíð og sent frá sér leikrit, barna- og unglingasögur, smásögur, ævisögur og heimildarit. Eitt þekktasta verk hennar er *Reisubók Guðríðar Símonardóttur*.

Söngvaskáldið Valgeir Guðjónsson var í hljómsveitunum Stuðmönnum og Spilverki þjóðanna, en hefur um árabíl unnið fjölbreytt störf á tónlistarakrinum og sent frá sér marga geisladiska, þ.á.m. eru *Fugl dagsins* og *Fuglar tímans* með lögum hans við ljóð eftir Jóhannes úr Kötlum.

Dagskráin hentar best **5. – 10. bekk**

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.




Stjörnuglópur með staf

Fáir íslenskir höfundar hafa fjallað með jafn skemmtilegum hætti um heim bernskunnar og **Pórbergur Þórðarson**. Eins eru frásagnir hans af því þegar ástin grípur unglingana ógleymanlegar. Höfundarnir **Pétur Gunnarsson** og **Jón Hjartarson** bregða á leik og lýsa stílbrögðum og sérkennum Þórbergs, en Jón hefur margoft túlkað skáldið á sviði á meistaralegan hátt og Pétur skrifaði ævisögu ÞP.

Dagskráin hentar best **5. – 7. bekk**

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



Með hugann fullan af hetjudraumum

Ljóðskáldið **Aðalsteinn Ásberg** og söngvaskáldið **Svavar Knútur** flytja brot úr verkum **Steins Steinars** og segja frá lífi og list byltingarskáldsins, sem varð með tíð og tíma þjóðareign. Ferill Steins er rakinn í ljóðum og söngvum, enda hafa mörg tónskáld sótt innblástur í verk hans. Ádeila, heimspeki, ást og nútími eru stikkorð sem vísa á skáldið sem átti stærstan þátt í formbyltingu ljóðsins á Íslandi.

Hentar vel fyrir **alla aldurshópa**

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.





Bókmenntaverkefnið **Skáld í skólum** hóf göngu sína haustið 2006. Er skemmst frá því að segja að grunnskólar landsins hafa tekið framtakinu fagnandi og eftirspurn farið vaxandi með hverju árinu. Frá upphafi hefur ólíkum höfundum verið stefnt saman og þeir undirbúið dagskár sínar með ákveðna aldurshópa í huga. Fljótlega sýndi sig að haustannir henta mun betur en vorannir þegar höfundaheimsóknir eru skipulagðar og því hefur verið horfið frá því að láta verkefnið teygja sig fram eftir vetri. Þegar hafa verið kynntar og fluttar rúmlega 20 mismunandi dagskár í meira en 100 grunnskólum.

Ennfremur er vert að minna á að margir höfundar bjóða upp skemmtilegar skóladagskrár, þar sem þeir fjalla um verk sín og ræða við nemendur um bókmenntir. Höfundamiðstöðin hefur milligöngu um að bóka slíkar heimsóknir og veitir líka aðstoð ef skólar, fyrirtæki eða stofnanir vilja standa fyrir ritlistarnámskeiðum, ráðstefnum eða öðrum viðburðum sem rithöfundar koma að.

Tímabil á haustönn:

18. október – 19. nóvember 2010

**Frestur til að panta dagskrár er til
1. október 2010**

**Verð miðast við fjölda áhorfenda
200 krónur á hvern nemanda
en lágmarksgreiðsla er þó kr. 20.000,-**

**Upplýsingar í síma 568 3190
rsi@rsi.is
www.rsi.is/hofundamidstod**

Höfundamiðstöð og Skáld í skólum njóta stuðnings menntamálaráðuneytisins og Barnavinafélagsins Sumargjafar.

